



Fundargerð

328. fundur hreppsnefndar Reykólahrepps
Fimmtudaginn 8. september 2011, kl. 15:30

Fundarstaður: Fundarsalur hreppsnefndar Maríutröð 5a, Reykólum.

Mættir: Andrea Bjórnsdóttir oddviti, Eiríkur Kristjánsson, Gústaf Jökull Ólafsson, Ásta Sjöfn Kristjánisdóttir og Eggert Ólafsson í forföllum Sveins Ragnarssonar Einnig sat fundinn Ingibjörg Birna Erlingsdóttir sveitarstjóri og ritaði fundargerð.

Fundargerð rituð í tölvu og er 4 blaðsíður.

Oddviti setti fundinn, bauð fólk velkomið.

Dagskrá:

Fundargerðir

1. 327. fundur hreppsnefndar 9. ágúst 2011.

Farið yfir fundargerðina. Liður 1, sveitarstjóri lagði fram skuldabréf, sveitarstjóra falið að ganga frá málum miðað við bókun. Liður 2, sveitarstjóri tilkynnti um skilaboð frá velferðarráðuneytinu sem komu fram á samráðsfundi sveitarfélaganna og velferðarráðuneytisins þann 30. ágúst s.l., þess efnis að ekki standi til að skera niður hjá Hjúkrunar- og dvalarheimilinu Barmahlíð á næsta ári. Fundargerðin samþykkt.

2. Skipulags- bygginga- húsnæðis- og hafnarnefnd 5. september 2011.

Farið yfir fundargerð.

Liður 1 – Mál 1102006 Aðalskipulagsbreyting vegna vegagerðar á Vestfjarðarvegi, frummatsskýrsla. Umsögn hreppsnefndar samþykkt samhljóða.

Liður 2 – Mál 1106001 Deiliskipulag milli Eiðis í Vattarfirði og Þverá í Kjálkafirði, samþykkt að auglýsa deiliskipulagstillögu ásamt umhverfisskýrslu samkvæmt skipulagslögum.

Liður 3 – Mál 1102005 Tröllendi deiliskipulag, hreppsnefnd samþykkir að auglýsa deiliskipulagstillöguna samkvæmt skipulagslögum. Samþykkt samhljóða.

Liður 4 – Mál 1106006 Þórisstaðir deiliskipulag, breyting á aðalskipulagi. Samþykkt.

Liður 5 – Mál 1108037, samþykkt.

Liður 6 – Mál 1108030, samþykkt.

Liður 7 – Mál 1108031, samþykkt.

Liður 8 – Mál 1108043, samþykkt.

Liður 9 – Mál 1108016, samþykkt.

Liður 10 – Mál 1106004 Embætti skipulags- og byggingafulltrúa, kynnt.

Fundargerðin samþykkt í heild sinni.

3. Umhverfis- og náttúruverndarnefnd 31. ágúst 2011.

Farið yfir fundargerð.

Liður 3 – Sorphirða og flokkun. Ákveðið að flokkun hefjist í júní 2012, samþykkt samhljóða.

Fundargerðin lögð fram í heild sinni og samþykkt.

4. Fallskilanefnd Reykhólahrepps 22. og 26. ágúst 2011.

Farið yfir fundargerðir.

Fundargerð 22. ágúst 2011.

Liður 3 – Niðurfelling á lokagreiðslu synjað.

Fundargerð 26. ágúst 2011.

Liður 1 – Gerð fjallskilaseðils. Fjallskilaseðill lagður fram og samþykktur.

Fundargerðir lagðar fram og samþykktar.

5. 6. fundur Velferðarnefndar Stranda og Reykhólahrepps 30. ágúst 2011.

Farið yfir fundargerð.

Liður 1 – Reglur um félagslega heimaþjónustu og gjaldskrá. Samþykkt.

Liður 2 – Reglur um liðveislu. Samþykktar.

Önnur mál - Ósk félagsmálastjóra eftir því að fá að sækja námskeið í PMT foreldrafærni samþykkt samhljóða.

Fundargerðin lögð fram og samþykkt í heild sinni.

Mál til afgreiðslu:

1. 1109008 - Endurskoðun fjárhagsáætlunar 2011.

Erindi sveitarstjóra.

Vegna yfirtöku sveitarfélaganna á málefnum fatlaðra og skipulag þeirra mála innan sveitarfélaganna samþykkir hreppsnefnd að fara í vinnu við endurskoðun fjárhagsáætlunar 2011. Einnig samþykkir hreppsnefnd stofnun fyrirtækis um Félagsmálastjóra Stranda og Reykhólahrepps og að bókhald vegna reksturs þess verði haldið á skrifstofu Reykhólahrepps. Samþykkt samhljóða.

2. 1109009 - Skólaakstur í Reykhólahreppi.

Erindi sveitarstjóra.

Grundvöllur fyrir akstri skólabíls á leiðinni milli Gufudalssveitar og Reykhóla hefur fallið niður. Skólaakstrinum hefur því verið sagt upp. Foreldrar leikskólabarna sem hafa nýtt sér aksturinn, geta gert það út uppsagnarfrestinn. Skólaakstur fellur niður frá og með 21. desember 2011 að óbreyttu. Samþykkt samhljóða.

3. 1108045 – Gjöf til Hjúkrunar- og dvalarheimilisins Barmahlíðar.

Bréf frá Vinafélagi Barmahlíðar dagsett 15. ágúst 2011.

Hreppsnefnd vill koma á framfæri þökkum til Vinafélags Barmahlíðar fyrir höfðinglega peningagjöf til heimilisins að upphæð 500.000.- kr. til viðhalds fasteignar dvalarheimilisins. Erindinu vísað til stjórnar Barmahlíðar. Samþykkt samhljóða.

4. 1108036 – Hlutfjáráukning í Vesturferðum ehf, sala hlutabréfa í eigu Ferðamálasamtaka Vestfjarða.

Erindi frá stjórn Ferðamálasamtaka Vestfjarða, ágúst 2011.

Lagt er til að keyptur verði hlutur að upphæð 100.000 kr. í Vesturferður ehf. Samþykkt samhljóða. Sveitarstjóra falið að ganga frá greiðslu fyrir 25. september n.k.

5. 1108038 – Tillaga að þingsályktun um áætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða. Samráðs- og kynningarferli.

Erindi frá lðnaðarráðuneyti dagsett 19. ágúst 2011.

Tillagan lögð fram, hreppsnefnd gerir ekki athugasemdir við tillöguna. Samþykkt samhljóða.

6. 1108012 - Samningur um Kötluland.

Lögð fram tillaga og rekstraráætlun. Hreppsnefnd hafnar tillögunni. Samþykkt samhljóða. Sveitarstjóra falið að svara erindinu á grundvelli umræðunnar á fundinum.

7. 1108047- Sveitarfélögin á allra vörum.

Erindi frá bæjarstjóra sveitarfélagsins Garðs dagsett 24. ágúst 2011.

Hreppsnefnd Reykhólahrepps tekur áskorun sveitarfélagsins Garðs og samþykkir að leggja 100 krónur á hvert barn undir 18 ára aldri í Reykhólahreppi í söfnunina “ Á allra vörum”.

8. 1109001 – Stofnsamningur og samþykktir fyrir Bata- og hlunnindasýninguna á Reykhólum ehf.

Stofnsamningur lagður fram. Gústaf Jökull lagði fram tillögu um að frestun á afgreiðslu samningi. Tillagan samþykkt með tveimur atkvæðum, gegn einu.

9. 1108033 – Verkefni um forvörn gegn neyslu ungs fólks á munntóbaki.

Erindi frá Ungmennafélagi Íslands dagsett 15. ágúst 2011.

Erindinu hafnað með tveimur atkvæðum.

10. 1109003 – Ósk um stuðning við forvarnardaginn.

Erindi frá forstöðumanni tómstundafulltrúa Strandabyggðar dagsett 30. ágúst 2011.

Hreppsnefnd samþykkir styrk að upphæð 20.000,- með tveimur atkvæðum.

Til kynningar

11. 1104015 – Stjórnsýslukæra, Gylfi Þór Þórisson gegn Reykhólahreppi.

Úrskurður Innanríkisráðuneytis þann 24. ágúst 2011.

Úrskurður lagður fram til kynningar, málinu var vísað frá.

12. 105020 – Efling atvinnu og byggðar á Vestfjörðum.

Fundargerð samráðsfundar þann 18. ágúst 2011.

Fundargerð lögð fram.

13. 1109002 – 120. fundur Breiðarfjarðarnefndar.

Fundargerð lögð fram.

Önnur mál (ef einhver): Löglega upp borin.

14. 1109022 - Tillaga að nýjum innheimtusamningi við Motus.

Tillagan lögð fram, sveitarstjóra falið að ganga frá samningi. Samþykkt með þremur greiddum atkvæðum.

15. 1108046 - Skólavist utan lögheimilissveitarfélags skólaárið 2011-2012.

Sveitarfélaginu hefur borist ein umsókn. Umsókninni er vísað til mennta- og menningarmálanefndar.

16. 1109007 - 5. Hafnarfundur hafnarsambandsins 16. september 2011.

Fundarboð lagt fram.

Farið yfir fundargerð, fundi slitið kl. 18.10

_____	_____
_____	_____
_____	_____